

REGLUGERÐ

um veiðar á úthafsrækju 1988.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til veiða á rækju, sem veidd er utan viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81/1976, að undanskildu svæði við Eldey, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 245 frá Reykjanesaukavita, að vestan markast svæðið af 23 40 V og að norðan af 64 05 N.

Rækjuveiðar á Dohrnbanka vestan 26 V skulu undanþegnar ákvæðum reglugerðar þessarar samkvæmt nánari reglum settum í leyfisbréf.

Ráðherra er ennfremur heimilt að ákveða í leyfisbréfi til úthafs-rækjuveiða, að rækjuveiðar á ákveðnum svæðum skuli undanþegnar ákvæðum reglugerðar þessarar með ákveðnum skilyrðum.

2. gr.

Á árinu 1988 skulu leyfi til úthafs-rækjuveiða miðast við að heildarrækjuafli á svæði skv. 1. mgr. 1. gr. fari ekki yfir 36 þús. lestir.

3. gr.

Eftirgreindir skipaflokkar eiga kost á úthafs-rækjuveiðileyfi árið 1988:

1. *Loðnuskip*. Skip, sem flokkuð eru í útgerðarflokk 8, skv. 2. gr. reglugerðar frá 22. janúar 1988, um stjórn botnfiskveiða 1988.
2. *Sérhæfð rækjuveiðiskip*. Togarar, útgerðarflokkur 1, skv. reglugerð frá 22. janúar 1988, um stjórn botnfiskveiða 1988, sem hafa haft þriðjung eða meira af heildartekjum af rækjuveiðum á árinu 1986 eða 1987, enda hafi rækjuafli þeirra a.m.k. annað hvort árið farið yfir 200 lestir. Skip, með veiðileyfi samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 97/1985, um stjórn fiskveiða 1986—1987. Önnur skip, sem hafa haft helming eða meira af heildartekjum af rækjuveiðum á árinu 1986 eða 1987, enda hafi rækjuafli þeirra a.m.k. annað hvort árið farið yfir 200 lestir. Heimilt er að veita skipi rækjuveiðiréttindi sem sérhæfðu rækjuveiðiskipi, hafi verið lagt í verulegar fjárfestingar á árinu 1987 í því skyni að gera það hæfara til veiða eða vinnslu á rækju.
3. *Önnur rækjuveiðiskip*. Skip þau, sem úthafs-rækjuveiðar hafa stundað eftir 1. janúar 1985, önnur en togarar sbr. útgerðarflokk 1, skv. 2. gr. reglugerðar frá 22. janúar 1988, um stjórn botnfiskveiða 1988. Jafnframt er heimilt að veita skipi, enda þótt það hafi ekki stundað rækjuveiðar eftir 1. janúar 1985, leyfi til rækjuveiða, hafi verið gerðar verulegar breytingar á skipinu á árinu 1987, í því skyni að stunda á því rækjuveiðar.

4. gr.

Við mat tekna skv. 2. tl. 3. gr., skal miða við útreikning Þjóðhagsstofnunar á meðalverði kvótabundinna botnfisktegunda, ennfremur á síld, skel, humri og rækju.

5. gr.

Loðnuskipum sbr. 1. lið 3. gr. skal úthlutað samtals 12.000 lestum af úthafs-rækju á árinu 1988. Velja skal fyrir hvert loðnuskip milli úthafs-rækjuveiðileyfis eða botnfiskleyfis með aflamarki. Heildarrækjuafلامarki loðnuskipa skal skipt milli þeirra skipa, sem úthafs-rækjuveiðileyfi velja. Skal 2.600 lestum af rækju skipt í hlutfalli við botnfisk-aflareynslu skipanna á viðmiðunarárunum 1981—1983. 2.100 lestum skal skipt miðað við

úthafs-rækjuafli skipanna á því ári sem betra er af árunum 1986 og 1987 en þó skal aldrei við þessa skiptingu miða við meira en 350 lesta rækjuafli á skip. Loks skulu 7.300 lestir skiptast jafnt milli skipanna.

Loðnuskipum skal heimilt að koma með að landi samtals 100 lestir af botnfiski sem meðafli, í þorskígildum reiknað, sbr. 12. gr. reglugerðar frá 22. janúar 1988, um stjórn botnfiskveiða 1988.

6. gr.

Sérhæfðum rækjuskipum sbr. 2. lið 3. gr. skal skipt í þrjá flokka:

- A. Rækjuveiðiskip sem flokkuð eru sem togarar, útgerðarflokkur 1, skv. reglugerð frá 22. janúar 1988, um stjórn botnfiskveiða 1988, skip sem veiðileyfi fengu samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í lögum nr. 97/1985, um stjórn fiskveiða 1986—1987, og rækjuveiðiskip 290 brl. og stærri.
- B. Rækjuveiðiskip 200 brl. og stærri en minni en 290 brl.
- C. Rækjuveiðiskip 100 brl. og stærri en minni en 200 brl.

Velja skal fyrir hvert sérhæft rækjuveiðiskip milli botnfiskleyfis og úthafs-rækjuveiðileyfis. Skip þau, sem velja úthafs-rækjuveiðileyfi eiga ennfremur kost á vali milli rækjuveiðileyfis með aflamarki eða sóknarmarki.

Aflamark fyrir skip skv. A lið 1. mgr. skal vera 500 lestir en 350 lestir fyrir skip skv. B. lið og C. lið 1. mgr. Auk þess skal botnfiskafلامarki hvers skips í þorskígildum talið, breytt í rækju í hlutfallinu 4:1 og aukið við aflamark þess sbr. og 8. gr. Einum þriðja hluta af botnfiskafلامarki skal úthlutað skipinu og gilda um það aflamark almennar reglur.

Sóknardagar fyrir öll sérhæfð rækjuskip, skulu vera 260 dagar á árinu 1988. Við útreikning sóknardaga skal farið samkvæmt ákvæðum IV kafla reglugerðar frá 22. janúar 1988, um stjórn botnfiskveiða 1988.

Rækjuaflihámark fyrir skip skv. A. lið skal vera 900 lestir, 600 lestir fyrir skip skv. B. lið og 400 lestir fyrir skip skv. C. lið.

Kjósi sérhæft rækjuskip að halda fullum botnfiskveiðiheimildum samkvæmt úthlutun fyrir 1988, er heimilt að veita þeim rækjuveiðileyfi með vali milli sóknarmarks eða aflamarks sbr. þó 10. gr. Aflamarkið nemur 90% af meðalafli tveggja bestu árunna 1985, 1986 og 1987, en er þó eigi hærra en 250 lestir fyrir skip samkvæmt A. lið 1. mgr. og 200 lestir fyrir skip samkvæmt B. og C. lið 1. mgr. Um sóknarmark annarra skipa en togara skv. útgerðarflokk 1, fer eftir ákvæðum 3. mgr. 7. gr. Togarar í útgerðarflokki 1, sem velja sóknarmark við botnfiskveiðar, geta nýtt sóknardaga sína, skv. 8. gr. reglugerðar frá 22. janúar 1988, um stjórn botnfiskveiða, til veiða á úthafs-rækju og er rækjuaflihámark þeirra 200 lestir.

Sérhæfðum rækjuskipum, skv. A. lið, sem velja rækjuveiðileyfi með sóknarmarki, er heimilt að koma með að landi samtals 200 lestir af botnfiski sem meðafli, í þorskígildum reiknað, og rækjuskipum skv. B. og C. lið 100 lestir.

Fái skip, 100 brl. eða minna, heimild sem sérhæft rækjuskip, sbr. síðasta málslið 2. liðar 3. gr., skulu afliheimildir þeirra ákvarðaðar sérstaklega með hliðsjón af ákvæðum þessarar greinar en að teknu tilliti til stærðar skipanna.

7. gr.

Heimilt er að velja fyrir rækjuskip skv. 3. lið 3. gr. milli rækjuveiðileyfis með aflamarki og rækjuveiðileyfis, sem gefið er út til ákveðins dagafjölda með rækjuhámarki.

Aflamark skal ákveðið þannig að það sé 90% af meðalafla tveggja bestu árána 1985, 1986 og 1987 en þó aldrei hærra en 200 lestir í útgerðarflokk 2, bátar án sérveiða og útgerðarflokk 3, síldarbátar, skv. reglugerð frá 22. janúar 1988, um stjórn botnfiskveiða 1988, og aldrei hærra en 100 lestir í öðrum útgerðarflokkum.

Útgerðarflokk 2 og 3 má ennfremur veita rækjuveiðileyfi í 80 daga, sem skipta má í tvö samfelld tímabil með 100 lesta rækjuafлахámarki. Öðrum útgerðarflokkum má veita rækjuveiðileyfi í 60 samfellda daga með 50 lesta rækjuafлахámarki.

Heimilt er við úthlutun rækjuveiðiheimilda að taka sérstakt tillit til þeirra báta, sem úthafs rækjuveiðar stunduðu á viðmiðunarárunum 1981—1983.

8. gr.

Skip, sem flokkað er í útgerðarflokk 3, síldarbátar eða útgerðarflokk 4, humarbátar, skal missa rétt til síld- eða humarveiða, velji það að stunda rækjuveiðar sem sérhæft rækjuskip, sbr. 2.—5. mgr. 6. gr. Vegna missis réttinda til síld- eða humarveiða skulu koma bætur á botnfiskaflamark skipsins, samkvæmt reglum er ráðuneytið setur sbr. 3. mgr. 6. gr.

9. gr.

Við ákvörðun stærðar skipa skv. A., B. og C. lið 6. gr., skal miða við gildandi mælingarbréf 31. desember 1987, frá Siglingamálastofnun ríkisins.

10. gr.

Útgerðir rækjuveiðiskipa, sbr. 6. og 7. gr. sem velja aflamark við botnfiskveiðar, eiga val milli aflamarks og sóknarmarks við rækjuveiðar sbr. þó lokamálslið 6. mgr. 6. gr. varðandi togara í útgerðarflokk 1. Útgerðir rækjuveiðiskipa sbr. 6. og 7. gr., sem velja sóknarmark við botnfiskveiðar fá sóknarmark við rækjuveiðar.

Rækjuafлахámark er óframseljanlegt en um framsal á aflamarki gilda ákvæði laga nr. 3 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988—1990, eftir því sem við á. Óheimilt er að framselja meðafla sérstaklega sbr. 2. mgr. 5. gr. og 7. mgr. 6. gr. en heimilt er að framselja hann hlutfallslega með rækjuafлахámarki. Heimilt er að flytja botnfiskafla til loðnuskipa sbr. 1. tl. 3. gr.

11. gr.

Skylt er að koma með allan rækjuafla að landi.

12. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 3 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988—1990. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 3 8. janúar 1988, um stjórn fiskveiða 1988—1990 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. janúar 1988.

Halldór Ásgrímsson.

Árni Kolbeinsson.